

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um jöfnun tekjutaps sveitarfélaga vegna
lækkunar tekna af fasteignaskatti, nr. 80/2001, með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Til framlaga samkvæmt reglugerð þessari skulu renna allt að 30% af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skv. a-lið

8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Hlutdeild í tekjum Jöfnunarsjóðs, sbr. 1. mgr., skal miðast við tekjur sjóðsins samkvæmt fjárlögum
yfirstandandi árs að teknu tilliti til hugsanlegra leiðréttinga á tekjum hans samkvæmt fjárákálögum næst liðins
árs.

2. gr.

Síðari másl. 2. mgr. 3. gr. fellur brott.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari
breytingum, og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. febrúar 2003.

Páll Pétursson.

Garðar Jónsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu
Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.